

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. mars 2015 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-43/2016:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um útgjöld í tengslum við galla í bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði útgjöld í tengslum við galla á bifreiðinni.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 18. júní sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 2. júlí. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 13. nóvember, óskaði kærunefndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bárust þau hinn 12. janúar. Voru gögn málsins í kjölfarið send bifvélavirkja sem skilaði álitinu sínu vegna málsins hinn 9. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 18. mars, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 30. maí 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 nýja af seljanda fyrir kr. 3.180.000. Hinn 8. mars 2015, þegar álitsbeiðandi var, ásamt fjölskyldu sinni, á leið til Reykjavíkur frá Fáskrúðsfirði bilaði sviss bifreiðarinnar. Var álitsbeiðandi þá staddur á Kirkjubæjarklaustri. Tilkynnti álitsbeiðandi um bilunina til seljanda hinn 9. mars. Bifvélavirki á Kirkjubæjarklaustri taldi að ekki væri hægt að lagfæra bilunina þar og því yrði að senda bifreiðina í viðgerð hjá umboðsverkstæði í Reykjavík. Segist álitsbeiðandi fyrst hafa haft samband við umboðsverkstæðið þar eð seljandi hafi ekki verið með neyðarnúmer og því hafi hann ekki getað náð sambandi við neinn þar þegar bilunin kom upp. Kostaði flutningur bifreiðarinnar til Reykjavíkur kr. 162.875. Tók álitsbeiðandi aðra bifreið á leigu á meðan á viðgerð stóð og var kostnaður vegna þess kr. 91.190. Að auki þurftu álitsbeiðandi og fjölskylda hans að taka flug aftur til Egilsstaða og kostaði það kr. 30.750. Álitsbeiðandi þurfti ekki að greiða fyrir viðgerð á bifreiðinni, en henni lauk hinn 4. apríl. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði framangreindan kostnað í tengslum við viðgerðina, samtals að fjárhæð kr. 284.815. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda, afrit af lánasamningi vegna kaupa á umræddri bifreið, afrit af reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni, dags. 8. apríl 2015, afrit af reikningi vegna flutnings á bifreiðinni frá Kirkjubæjarklaustri til Reykjavíkur, dags. 31. mars 2015, bankayfirlit vegna kaupa á flugi, dags. 19. og 26. mars og afrit af skráningarskírteini bifreiðarinnar.

#### **IV**

##### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 nýja af seljanda hinn 30 maí 2014 fyrir kr. 3.180.000. Hinn 8. mars 2015, eða rétt rúmum 9 mánuðum eftir kaupin, bilaði sviss bifreiðarinnar þegar álitsbeiðandi var á leið frá heimili sínu til Reykjavíkur ásamt fjölskyldu sinni. Þurfti að flytja bifreiðina til Reykjavíkur frá Kirkjubæjarklaustri, hvar hún bilaði. Viðgerð var framkvæmd af umboðsverkstæði, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu, og lauk henni hinn 4. apríl 2015. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna leigu á bílaleigubíl á meðan á viðgerð stóð, sem og kostnað vegna flugs aftur austur til Egilsstaða fyrir álitsbeiðanda ásamt fjölskyldu sinni, samtals að fjárhæð kr. 284.815.

Kærunefndin telur ágreiningslaust að bifreið álitsbeiðanda var haldin galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og er sú niðurstaða í samræmi við álit bifvélavirkja þess er kærunefndin leitaði til. Gat álitsbeiðandi því borið fyrir sig vanefndarúrræði laganna skv. 26. gr. þeirra, en þar segir í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Gert var við sviss bifreiðarinnar á umboðsverkstæði og virðist álitsbeiðandi ekki hafa verið krafinn um kostnað vegna þess. Að því leyti mun seljandi því hafa framkvæmt úrbætur á bifreið álitsbeiðanda í skilningi 30. gr. laganna. Rétt er þó að rekja að í 1. mgr. 30. gr. segir: „Úrbætur og ný afhending skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.“ Í 3. mgr. sömu greinar segir síðan: „Ef úrbætur eða ný afhending seljanda hafa það í för með sér að neytandi getur ekki notað söluhlut í meira en eina viku getur neytandi krafist þess að fá sambærilegan hlut til umráða á kostnað seljanda. Þetta á þó aðeins við ef krafan telst sanngjörn með hliðsjón af þörfum neytandans og þeim kostnaði og óhagræði sem það hefur í för með sér fyrir seljanda.“ Af gögnum málsins verður ráðið að seljandi hefur neitað að greiða útlagðan kostnað álitsbeiðanda í tengslum við gallann, þ.e. flutning á bifreiðinni til Reykjavíkur, leigu á bílaleigubifreið og flug fyrir álitsbeiðanda og fjölskyldu hans frá Reykjavíkur og til Egilsstaða. Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi til laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a. um 30. gr. laganna að í ákvæðinu sé kveðið á um að úrbætur og ný afhending skuli fara fram án kostnaðar fyrir neytanda og undir það falli hvers konar kostnaður sem rekja megi til galla. Fær kærunefndin ekki annað séð en að sá kostnaður sem álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á sé í nægjanlegum tengslum við gallann til að álitsbeiðandi eigi rétt á því, skv. ákvæðinu, að seljandi endurgreiði honum það. Er það því álit nefndarinnar að seljandi skuli greiða álitsbeiðanda kr. 284.815.

V

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 284.815.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir